



Alþingi

Erindæ nr. P/118 /232

komudagur 28/11 1994

Samtök tungumálakennara á Íslandi  
Pósthólf 8248-128 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 1994

### Til menntamálanefndar Alþingis

Stjórn **STÍL** þakkar hér með fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Stjórnin hefur ákveðið að minnast einungis á þá þætti sem snerta tungumálakennslu beinlínis, að öðru leyti vísum við til sameiginlegs álits HÍK og KÍ sem væntanlega mun berast nefndinni innan tíðar.

Stjórnin vill leggja áherslu á eftirfarandi:

- að eingöngu fagmenntaðir kennarar annist tungumálakennslu
- að nám í tungumálum verði á engan hátt skert frá því sem nú er
- að við gerð aðalnámskrár verði haft náið samstarf við tungumálakennara og fagfélög þeirra, sérstaklega um hversu mikið og hverskonar tungumálanám á að vera á hverri námsbraut
- að höfð verði samvinna við kennara um gerð og vægi samræmdra prófa, svo og mats á þeim
- að eflid verði samvinna kennara og Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála og Stofnunar í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands
- að tungumálakennurum er öðrum kennurum fremur nauðsynlegt að fá leyfi frá störfum til dvalar erlendis og þá ekki síst að vetrarlagi (sbr. 12. grein)

Stjórnin telur að mörg atriði í frumvarpinu séu mjög almennt orðuð og þarfnist nánari útfærslu. Þegar að henni kemur teljum við bráðnauðsynlegt að samtökin verði höfð með í ráðum um öll þau atriði sem varða tungumálakennslu.

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar **STÍL**,

Ósa Knútsdóttir

Ósa Knútsdóttir  
formaður